

Borgarráð 25. ágúst 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafrænar lausnir við umsóknir tengdum leikskólum – MSS22080171

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvenær stafræn umbreyting kemur til gagns á skóla- og frístundaráði. Í þessu samhengi er vert að spyrja af hverju stafræn umbreyting er komin svo skammt á veg eða varla nokkuð að heitið geti sem liðkar fyrir þjónustu á skóla- og frístundasviði þrátt fyrir að ríflega 13 milljörðum hefur verið í stafræna umbreytingu undir sviðinu þjónustu og nýsköpunarsviði. Hver ákvað þessa forgangsröðun á þessu mikla fjármagni? Hvar liggur ábyrgðin, hjá þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) nú kallað Stafrænt svið eða hjá skóla- og frístundasviði? Þar ríkja fornaldravinnubrögð þegar kemur að umsóknarferli eða innritun á leikskóla. Þegar foreldri þarf að segja upp dvalarsamningi barns í leikskóla þá þarf viðkomandi að taka á móti útprentuðu A4 blaði frá leikskólanum sem þarf að fylla út skriflega með öllum viðeigandi upplýsingum og skila því aftur til baka í leikskólann.